

Viðtakandi: Íbúaráð Miðborgar og Hlíða

Sendandi: Sigrún Tryggvadóttir, formaður ÍMR

Breytingar á bílastæðagjöldum í miðbænum

Fyrir stuttu fluttu fjölmiðlar fregnir af því að borgarstjórn hefði samþykkt að hækka bílastæðagjöld í miðborg Reykjavíkur, lengja gjaldtímann fram til klukkan níu á kvöldin og hafa sunnudaga, sem hingað til hafa verið gjaldfrjálsir, gjaldaskylda eins og aðra daga.

Þetta var það fyrsta sem íbúar í miðborginni heyrðu af fyrirhuguðum breytingum. Engin kynning á að breytingarnar væru fyrirhugaðar fór fram á meðal þeirra og þeir fengu engin tækifæri á að koma með athugasemdir við og/eða breytingatillögur um þær. Breytingarnar voru hvorki kynntar einstaka íbúum (bréfleiðis eða gegnum Island.is) né grasrótarsamtökum þeirra, Íbúasamtökum miðborgar Reykjavíkur (ÍMR), og engin kynning fór fram í Íbúaráði miðborgar og Hlíða sem er þó sá formlegi vettvangur sem Reykjavíkurborg hefur komið upp til samráðs við íbúa.

ÍMR mótmæla þeim ólýðræðislegu vinnubrögðum sem yfirvöld í Reykjavík viðhöfðu þegar ákvörðum um þessar breytingar á tilhögun bílastæðagjalda í miðborginni voru teknar. Þau skora á borgarstjórn Reykjavíkur að draga breytingarnar til baka og að gera ekki breytingar á fyrirkomulagi bílastæðagjalda í miðborginni í framtíðinni nema að undan fari upplýst umræða og lýðræðislegt samráð við íbúa svæðisins.

Komist breytingarnar til framkvæmda er ljóst að þær muni hafa íþyngjandi fjárhagslegar og félagslegar afleiðingar fyrir íbúa og fjölskyldur þeirra í hverfinu. Það á sérstaklega við um íbúa gjaldsvæðis P1 en þar eru boðaðar harkalegustu breytingarnareða hækkum upp í 600 kr. á klst. og að ekki megi leggja bíl lengur en í 3 klst.

Þessi hækkun og lenging á gjaldskyldutíma er fjárhagslega íþyngjandi fyrir íbúa í hverfinu en ekki síður er það áhyggjuefni að þessi nýja gjaldtaka á kvöldin og á sunnudögum mun gera gestum íbúa erfitt fyrir varðandi heimsóknir.

Óskað er eftir að íbúaráð miðborgar og hlíða taki erindið til umræðu og afli upplýsinga.